



KJÖLFESTA

FRÉTTABRÉF STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Kjölur stéttarfélag | Skipagötu 14 - þriðju hæð | 602 Akureyri | Sími 525 8383 | www.kjolur.is | Nóvember 2021 | 3. tölublað | 17. árgangur



Fyrsta námskeið trúnaðarmanna Kjalar að sameiningum loknum var haldið á dögnum í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Óhætt er að segja að mikill kraftur sé trúnaðarmannahópnum.

Kjölur stéttarfélag stækkar verulega

Félagsmannafjöldi Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaðjónustu hefur aukist verulega síðustu vikur með sameiningum fjögurra stéttarféлага á landsbyggðinni við félagið. Um er að ræða Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar og Starfsmannafélag Fjarðabyggðar. Félagssvæði Kjalar er því orðið enn víðfeðmara en áður og spannar nú nær samfellt svæði frá Borgarbyggð í vestri, vestur og norður um til Austurlands. Að sameiningum loknum eru félagsmenn Kjalar um 2000 talsins.

Sameining tekur strax gildi

Félögin fjögur óskuðu eftir viðræðum við stjórn Kjalar stéttarfélags um möguleika á sameiningum fyrir um einu ári. Eftir viðræðuferli og kynningarfundi með félagsmönnum voru sameiningar samþykktar á aðalfundum félaganna nú í september og október. Öll réttindi félagsmanna færust strax og óbreytt frá þeirra félögum yfir til Kjalar.

Ekki var þörf á að efna til kosninga um sameiningarnar meðal félagsmanna Kjalar þar sem aðalfundir félagsins mörg undanfarin ár hafa heimilað stjórn þess að vinna að stækkun félagsins með sameiningum við önnur stéttarfélög.

Markmið um stórt landsbyggðarfélag að nást

Kjölur stéttarfélag var stofnað árið 2004 með sameiningu Félags opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, Starfsmannafélags Borgarbyggðar, Starfsmannafélags Dalvíkurbyggðar og Starfsmannafélags Siglufjarðarkaupstaðar en árið 2014 bættist Starfsmannafélag Skagafjarðar í hópinn.

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, segir fagnaðarefni að félögin fjögur hafi ákveðið að sameinast í Kjöl og sér í lagi hafi verið ánægjulegt að sjá eindreginn stuðning félagsmanna við sameiningartillöguna. Félagið verður nú annað stærsta aðildarfélag BSRB.

„Með þessum sameiningum náum við því markmiði sem var okkar leiðarljós í aðdragandanum að stofnun Kjalar á sínum tíma að sameina félög opinberra starfsmanna á landsbyggðinni í stórt félag. Ásýnd félagsins breytist til muna við þessar sameiningar og jafnframt verða opinberir starfsmenn á landsbyggðinni ennþá kröftugri rödd, bæði innan BSRB, í kjara-baráttu og í daglegri hagsmunagæslu fyrir félagsmenn,“ segir Arna Jakobína.

Sveitarfélögin eftirbátar ríkis og borgar í vinnutímastyttingunni

aðeins þriðji hver starfsmaður sveitarfélaga, annarra en Reykjavíkurborgar, er með 36 stunda vinnuviku

Samkvæmt samantekt sem BSRB hefur gert á útfærslu á umsamdri styttingu vinnuvikunnar hjá starfsmönnum ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna vantar mikið uppá að starfsmenn sveitarfélaganna fái það umbótasamtal um útfærslu vinnutímastyttingar sem kveðið er á um í kjarasamningum. Samantektin sýnir að 79% starfsmanna á ríkisstofnunum hafa stýtt vinnuvikuna í 36 stundir, 90% starfsmanna hjá Reykjavíkurborg en aðeins 29% starfsmanna annarra sveitarfélaga landsins.

Fulltrúaráð Kjalar brýnir sveitarfélögin


Á nýafstöðnum fundi trúnaðarmanna Kjalar stéttarfélags var fjallað um niðurstöður samantektar BSRB og samþykkti fundurinn eindregna áskorun til sveitarfélaganna um að bæta úr þessari stöðu.

„Fulltrúaráð Kjalar stéttarfélags skorar á sveitarfélögin að tryggja starfsfólki sínu styttingu vinnuvikunnar eins og samið var um í kjarasamningum. Sveitarfélögin verða að beita sér fyrir því að fram fari umbótasamtöl á hverjum vinnustað þar sem starfsfólkið útfærir styttinguna og ákveður hversu mikil hún verður. Hjá ríkinu hafa átta af hverjum tíu vinnustöðum farið í 36 stunda vinnuviku og níu af tíu vinnustöðum hjá Reykjavíkurborg. Önnur sveitarfélög verða að fylgja því fordæmi og tryggja þar með aukin afköst, betri þjónustu og aukna starfsánægju,“ segir í samþykkt fulltrúaráðsins.

Skýr leið að markmiðunum

Eins og lesa má út úr meðfylgjandi mynd, sem sýnir niðurstöður samantektar BSRB, er vinnuvikustytting í 38,9 stundir hjá 47% starfsmanna sveitarfélaganna en hlutfallið er 3% hjá ríkinu og aðeins 1% hjá Reykjavíkurborg.

Samkvæmt kjarasamningum er heimilt með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks sveitarfélags/stofnunar/vinnustaðar að stytta vinnuvikuna með því að laga vinnutíma að þörfum vinnustaðar og starfsfólks. Við gerð samkomulagsins skal taka mið af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur vinnustað sérstöðu. Styttingin getur náð allt að 4 stundum á viku, úr 40 stunda vinnuviku í allt að 36 virkar vinnustundir fyrir starfsfólk í 100% starfshlutfalli. Vinnutími starfsmanna í hlutastarfi stýttist hlutfallslega.



Niðurstöður samantektar BSRB sýna mikinn mun á því hvernig vinnuvikustytting hefur skilað sér hjá ríki, Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Undanfari styttingar vinnutíma inni á vinnustöðunum er í öllum tilfellum umbótasamtal sem þarf að eiga sér stað um hvernig þessum markmiðum verður best náð án þess að það bitni á afköstum. Vert er einnig að rifja upp þau sameiginlegu markmið opinberra starfsmanna og vinnuveitenda þegar samið var um vinnutímastyttinguna að tryggja starfsfólki aukin lífsgæði og vinnuveitendum um leið ánægðara starfsfólk. Samantekt BSRB bendir til að mikið vanti uppá að umbótasamtölin á vinnustöðum sveitarfélaganna, annarra en Reykjavíkurborgar, hafi farið fram og þar af leiðandi fái starfsmenn sveitarfélaganna ekki notið þeirra framfara sem umsamda vinnutímastyttingin hefur í för með sér.



Útgefandi:

KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
Skipagötu 14, þriðju hæð | Pósthólf 75 | 602 Akureyri
Sími 525 8383
kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is

Skrifstofa Kjalar stéttarfélags, Ísafirði

Aðalstræti 24 | Sími 456 4407 | ragnheidurasa@kjolur.is

Skrifstofa Kjalar stéttarfélags, Grundarfirði

Borgarbraut 1a | Sími 436 1077 | helga@kjolur.is

Ritnefnd:

Hermína B. Sigurðardóttir
Katrín Sigurðardóttir

Ábyrgðarmaður:

Arna Jakóbína Björnsdóttir

Umsjón, textavinnsla og umbrot:

Ritform ehf., Akureyri

Prentun: Litróf umhverfissvottuð prentsmiðja





Arna Jakobína Björnsdóttir.

Spennandi tími fram undan

segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjarar, að loknum sameiningum félagsins við fjögur stéttarfélög á landsbyggðinni

„Með þessum sameiningum erum við að ná því markmiði sem við settum okkur þegar við hófum um aldamótin að ræða um að sameina starfsmannafélögin á landsbyggðinni í stórt félag. Sú vinna leiddi til þess að Kjölur varð til árið 2004. Ég neita því ekki að ég hefði auðvitað óskað þess að þetta hefði gerst hraðar en er mjög ánægð með að þessum áfanga er nú náð,“ segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjarar stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu, um sameiningu félagsins við fjögur önnur stéttarfélög á landsbyggðinni sem nú eru orðnar að veruleika.

Mikil breyting á félaginu

Arna Jakobína segir umtalsverða breytingu verða á starfsemi Kjarar stéttarfélags með þessari stækkun þess. Skrifstofur félagsins verða nú þrjár og fyrrverandi formenn félaganna fjögurra hafa tekið sæti í stjórn Kjarar.

„Ásýnd félagsins breytist, félagsmönnum fjölgar umtalsvert, félagið hefur meiri burði til að veita félagsmönnum þjónustu og þróa hana, t.d. upplýsingamiðlun og rafræna þjónustu. Sama á við um réttindagæslu, aðstoð við félagsmenn þegar upp koma álitaefni um réttindamál, kjarasamningagerð, starfsmenntamál og margt fleira. Fyrst og fremst tel ég þetta vera stórt skref fyrir félagsmenn Kjarar,“ segir Arna Jakobína.

Áhugi á félagsstarfinu eykst

Þegar Kjölur stéttarfélag var stofnað árið 2004 sameinuðust fimm bæjarstarfsmannafélög á Norður- og Vesturlandi og árið

2014 bættist Starfsmannafélag Skagafjarðar við. Að meðtöldum sameiningunum á síðustu vikum hafa því 10 stéttarfélög sameinast inn í Kjöl stéttarfélag.

„Í ljósi reynslunnar er ég þess fullviss að þessar sameiningar efla stéttarvitundina og auka áhuga fólks á að taka þátt í starfi Kjarar. Það sjáum við til dæmis greinilega í hópi okkar öflugu trúnaðarmanna. Þegar allt kemur til alls þá snúast svona sameiningar um að fólk er að sækjast eftir meiri þjónustu í öllu því sem stendur félagsmanninum næst. Ég skynjaði mikla jákvæðni í gegnum viðræður og kynningarfundi með þessum fjórum félögum og fann að fólk var mjög svo tilbúið að stíga skrefið þegar það hafði fullvissu fyrir því að það héldi sínum réttindum óskertum,“ segir Arna Jakobína.

Verkefni næstu mánaða kortlögð

Þó sameiningarnar sem slíkar séu formlega að baki er talsverðri vinnu sem þeim tengist ólokið. Líkt og fram kemur í blaðinu hafa nýir trúnaðarmenn komið til starfa, sem og fjórir nýir stjórnarmenn sem áður gengdu formennsku í félögum fjórum.

„Stækkuð stjórn Kjarar hefur þegar fundað og við höfum sett niður verkefnaáætlun fyrir komandi vikur og mánuði. Allt miðar þetta að því að nýta þetta tækifæri sem best fyrir félagsmenn og félagið sjálft, beina kröftum okkar í einn og sama farveg. Ég er því full tilhlökkunar að vinna að þeim spennandi verkefnum sem bíða á komandi mánuðum,“ segir Arna Jakobína.

„Mjög glaður með þessa niðurstöðu“

segir Guðbjörn Arngrímsson, fyrrum formaður Starfsmannafélags Fjallabyggðar



Guðbjörn Arngrímsson.

Félagsmenn í Starfsmannafélagi Fjallabyggðar samþykktu samhljóða á aðalfundi félagsins þann 27. október tillögu um sameiningu við Kjöl stéttarfélag. Guðbjörn Arngrímsson, sem verið hefur formaður félagsins allt frá stofnun þess árið 1983, þegar það hét Starfsmannfélag Ólafsfjarðar, segist hæstánægður með þessa niðurstöðu og sameininguna. Það að sjá Kjöl verða að stóru og öflugri stéttarfélagi opinberra starfsmanna á landsbyggðinni sé fagnaðarefni. Í heild voru 108 félagar í Starfsmannafélagi Fjallabyggðar við sameininguna, þar af um 80 greiddandi fastir starfsmenn.

Fámenn félög vanmáttug

„Í dag er nánast útilokað fyrir svona fámennt félag að halda úti þeirri þjónustu sem þarf. Síminn minn og heimili hafa verið skrifstofa félagsins seinni árin en meðan ég var að vinna í grunnskólanum fékk ég að nota þar aðstöðu í þágu félagsins. Öðruvísi hefði þetta ekki verið hægt,“ segir Guðbjörn og bætir við að á sínum tíma hafi bæjarstjórn Ólafsfjarðar verið mjög áfram um stofnun bæjarstarfsmannafélags og stutt við bakið á félaginu með aðstöðu án endurgjalds.

„En umhverfið hefur breyst mikið, bæði hvað varðar t.d. kjarasamningamál og réttindagæslu í kringum þau. Þetta er orðið

flóknara og viðameira og þá þarf stærri og öflugri stéttarfélag. Við Jakobína, formaður Kjalara, höfum átt samfylgd í þessum málefnum í mjög mörg ár, meðal annars í kjarasamningagerð, og fyrir okkur í félaginu var það ekki spurning hvort af sameiningu við Kjöl yrði heldur bara hvenær.“

Sterkari saman

Guðbjörn segir það lengi hafa verið sér keppikefli að víðtæk sameining stéttarféлага opinberra starfsmanna á landsbyggðinni verði að veruleika.

„Aðildarfélög BSRB úti á landi eru flest fámennt og við getum lítið gert nema sameinuð. Ég er þess vegna mjög glaður með þennan stóra áfanga sem við erum að ná,“ segir Guðbjörn og nefnir að fyrir utan faglegt bakland í stóru félagi standi félagsmönnum til boða mikið úrval orlofskosta, bæði íbúða og húsa.

„Síðan er æ stærri hópur fólks sem kys það sem við köllum orlof að eigin vali og fær þá ákveðinn stuðning til ferðalaga á eigin vegum, gjarnan erlendis. Þessi valkostur nýtur sífellt meiri vinsælda,“ segir Guðbjörn.



Sigurður Arnórsson.

Sameiningarferlið hefur verið mjög jákvæð upplifun

segir Sigurður Arnórsson, fyrrverandi formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

„Niðurstaða okkar félagsmanna var algjörlega skýr og einróma í kosningunni. Við höfðum í aðdraganda sameiningarinnar efnt til upplýsingafunda á þremur stöðum hér á Vestfjörðum, á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði, þar sem margir félagsmenn mættu og á þeim fundum kom fram mikill vilji þeirra til sameiningar. Það hefur því verið mjög jákvæð upplifun að taka þátt í þessari sameiningarvinnu og góð tilfinning að sjá sameininguna verða að veruleika,“ segir Sigurður Arnórsson, fyrrverandi formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Tillaga um sameiningu félagsins við Kjöl stéttarfélag var samþykkt á aðalfundi þann 23. október með öllum greiddum atkvæðum. Félagsmenn í Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum voru við sameiningu 265. Félagið hefur rekið skrifstofu á Ísafirði sem nú hefur færst undir merki Kjalar stéttarfélags.

„Efst í huga félagsmanna við sameininguna var að þeir haldi réttindum sínum áfram og hafi aðgang að starfsmanni á skrifstofu hér á Ísafirði eins og verið hefur. Síðan eru orlofsmálin auðvitað stór í huga félagsmanna og að aðgangur sé tryggður að orlofshúsnæði. Ég vil líka nefna mál á borð við starfsmenntasjóð sem margir nýta sér en ég held að það hafi vegið mjög þungt að félagsmenn sáu hve vel Kjölur hefur staðið að starfsmenntamálum,“ segir Sigurður.

Stafræn þjónustuuppbygging á fullri ferð

Sigurður segir stærra félag óhjákvæmilega verða sterkari rödd þegar kemur að kjarasamningamálum. „Við fáum sem ein af deildum innan Kjalar fulltrúa í stjórn félagsins og það skiptir sannarlega máli. En fyrst og fremst verður slagkraftur félagsins meiri þegar kemur að viðræðum um kjaramál við ríki og bæ þegar félagið er orðið þetta stórt. Að mínu mati skiptir stærð félagsins líka máli þegar takast þarf á við umhverfi nútímans, nýja tíma, nýjar kröfur og nýjar lausnir. Við erum á fullri ferð inn í aukna stafræna þjónustu og lítil stéttarfélög hafa enga möguleika til að fylgja henni eftir og leggja í þann kostnað sem sú þróun útheimtir. Möguleikar í stafrænni þjónustu við félagsmenn aukast því með stærra félagi.“

Réttargæslan mikilvæg

Sigurður var formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum í tvö ár og segir mikinn tíma hafa farið í réttindagæslumál sem gjarnan snerti kjarasamningsbundin atriði og ágreining um þau.

„Í þeim málum verður líka umtalsverð breyting á umhverfinu fyrir okkar félagsmenn þegar þeir verða hluti af stærra stéttarfélagi. Nú fáum við aðgang að lögfræðingi Kjalar stéttarfélags og annarri fagþekkingu sem þar er til staðar sem að mínu mati er mikið framfaraskref fyrir okkur félagsmennina,“ segir Sigurður.

Fjölbreytt orlofs- húsnæði Kjarlar

Strax og sameining Kjarlar og fjögurra stéttarféлага var samþykkt voru orlofsvefir féláganna sameinaðir í einn. Kjölur býður nú á þriðja tug orlofsíbúða og orlofshúsa til félagsmanna sinna og eru eignirnar víða um land, líkt og sjá má hér í opnunni.


Búið er að setja inn allar helstu upplýsingar um eignirnar, sem og myndir, á bókunarsíðu orlofshúsanna sem hægt er að tengjast í gegnum heimasíðu Kjarlar, www.kjolur.is. Einnig eru myndir og upplýsingar um orlofshúsnæðið á heimasíðunni.

Félagsmenn geta yfir vetrarmánuðina bókað gistingu í orlofshúsum Kjarlar samkvæmt þeirri reglu að fyrstur kemur – fyrstur fær. Félagið mun í marsmánuði gefa út orlofsblað þar sem auglýstur verður umsóknarfrestur vegna sumarsins 2022.



KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu



REYKJAVÍK



Sólheimar 25



Sólheimar 27, 3 íbúðir




Sóltún 30

KÓPAVOGUR



Lækjarsmári 4

MUNAÐARNES



Eyrarhlíð 36




Eyrarhlíð 37

MUNAÐARNES



Eyrarhlíð 53



Stakkhóll 63



Stakkhóll 64



Vörðuás 20



Vörðuás 21



Reynihlíð

HÚSAFELL



Ásendi 6

VARMAHLÍÐ



Reykjahólsvegur 8

AKUREYRI



Hólmatún 7

KJARNASKÓGUR



Gata Mánans nr. 7,
Kjarnabyggð

VAÐLAHEIÐI



Vaðlaborgir

FLJÓTSDALSHÉRAÐ



Eiðar – hús nr. 3



Eiðar – hús nr. 8



Eiðar – hús nr. 7 (gestahús)



Úlfsstaðir – hús nr. 31

SUÐURLAND



Lyngás, Bláskógabyggð



Akrasel, Bláskógabyggð



Helga Hafsteinsdóttir.

„Sameining í stórt stéttarfélag á landsbyggðinni skiptir máli“

segir Helga Hafsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu

„Númer eitt, tvö og þrjú sjáum við ávinning í því að sameinast í stærra félag en ekki síður er það mikilvægt í okkar huga að standa að stóru og öflugu stéttarfélagi opinberra starfsmanna á landsbyggðinni. Við vissum líka að við værum að ganga til liðs við félag sem hefur verið vel rekið og í forystuhlutverki fyrir bæjarstarfsmannafélögin innan BSRB í síðustu kjarasamningum,“ segir Helga Hafsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu (SDS), um sameiningu félagsins við Kjöl stéttarfélag. Á aðalfundi SDS þann 21. október var tillaga um sameininguna samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Umhverfið sífellt harðara

„Þegar við förum á sínum tíma að horfa í kringum okkur eftir valkostum til sameiningar þá horfðum við til sameiningar við annað félag á landsbyggðinni. Eftir fyrsta viðræðufund stjórna SDS og Kjalar vorum við sannfærð um að með sameiningu myndum við styrkja stöðu okkar félagsmanna og næðum best okkar markmiðum með sameiningu við Kjöl. Við erum þess vegna mjög ánægð með niðurstöðuna. Starfsumhverfi okkar er allt annað en á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna eigum við meiri samleið með öðru landsbyggðarfólki í sömu hagsmunabaráttu og áþekku starfsumhverfi,“ segir Helga. Hún segir að bæði í kjarasamningagerð og úrlausn ágreiningsmála sem snerti kjarasamninga þá verði sífellt erfiðara fyrir fámennt stéttarfélag í héraði að annast þessi verkefni.

„Umhverfið er að breytast og verða mun harðara. Það kallar óþægilega oft á að við þurfum á lögfræðilegum stuðningi að halda í réttindabaráttunni og þess vegna þurfum við bakland í stærra félagi og sterkari faglegum grunni,“ segir Helga.

Fleiri orlofskostir í stærra félagi

Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu var stofnað árið 1987 og voru virkir félagsmenn við sameininguna um 380 manns. Helga segir um að ræða bæjar- og heilbrigðisstarfsfólk í fjórum sveitarfélögum. Hún segir grundvallaratriði að við sameininguna haldi félagsmenn öllum sínum áunnu réttindum óskertum. Sameiningin sé til þess að bæta þjónustuna og réttarstöðu félagsmanna. Skrifstofan verði áfram opin í Grundarfirði. Kjölur sé deildaskipt félag og félagssvæði SDS falli undir svæðisdeild Dala og Snæfellsness. Fulltrúi frá hverri svæðisdeild muni ávallt eiga sæti í stjórn Kjalar og trúnaðarmannaráð hafi mikilvægu hlutverki að gegna innan Kjalar.

„Þar fyrir utan snýst áhugi félagsmanna okkar um orlofsmálin sem er að mínu mati eðlilegt í ljósi þess að félagsmenn eru að stærstum hluta konur í þjónustu- og umönnunarstörfum sem eru láglounastéttir. Þá skipir miklu máli að hafa aðgang að hagstæðum orlofskostum í gegnum stéttarfélagið til að hafa tæk á því að gera sér dagamun í orlofi. Við sameininguna í Kjöl verða talsvert færri um hverja orlofseign þannig að félagsmenn eru að fá bæði fjölbreyttari valkosti og meiri möguleika til að fá úthlutun,“ segir Helga.

„Fáum aðgang að mikilvægri faglegri þekkingu“

segir Björgúlfur Halldórsson, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Fjarðabyggðar

„Það sem við horfum aðallega til með sameiningunni er að sækja mikilvæga faglega þekkingu og kunnáttu á t.d. kjarasamningum, stofnanasamningum og ýmsum öðrum atriðum. Við erum einfaldlega ekki í stakk búin í litlu félagi eins og Starfsmannafélagi Fjarðabyggðar til að standa undir þeim kröfum sem gera verður til svona stéttarfélags,“ segir Björgúlfur Halldórsson, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Fjarðabyggðar, en sameining félagsins við Kjöl stéttarfélag var samþykkt á aðalfundi þann 29. september síðastliðinn. Borgandi félagar í Starfsmannafélagi Fjarðabyggðar við sameiningu voru 45.

Kröfur nútímans litlu félagi ofraun

Björgúlfur segir ekkert eitt mál hafa knúið á um sameininguna heldur hafi félagsmönnum fyrst og fremst verið orðið ljóst að svo lítið félag gæti ekki staðið undir þeirri þjónustu sem nútíminn krefst. Björgúlfur segir félagið því hafa tekið að fullu þátt í umræðu félaga sem áður stóðu að samfloti bæjarstarfsmannafélaga um að ganga við viðræðna við Kjöl stéttarfélag um sameiningu.

„Félagið okkar á tvær orlofseignir og getur auðveldlega haldið utan um þann rekstur. En þegar kemur að málum þar sem t.d. væri brotið á félagsmanni hvað varðar kjarasamningsbundin réttindi eða eitthvað slíkt þá horfir málið öðruvísi við. Í slíkum tilfellum erum við upp á náðina komin hjá BSRB eða öðru góðu fólki því við höfum ekki bakland til að standa í slíku. Öll erum

við sem höfum verið í stjórn Starfsmannafélags Fjarðabyggðar í 100% vinnu og ég hef verið svo heppinn að hafa mætt skilningi á mínum vinnustað en svona fyrirkomulag getur ekki gengið til lengdar. Ég held að í stéttarfélagsvinnu þurfi fólk líka að hafa talsverða köllun og sökkva sér af lífi og sál ofan í mál-efnin. Slíkt er ógerlegt samhliða fullri vinnu. Þess vegna saúm við tækifæri í því að sameinast inn í stærra félag og fá þannig það bakland sem þarf,“ segir Björgúlfur.

Þurfum að standa vörð um landsbyggðina

Orlofsmálin segir Björgúlfur að séu viðkvæm í svona ferli og skiljanlega þar sem einstakir félagsmenn hafi í mörgum tilfellum lagt mikla vinnu í orlofshúsin og þau séu þeim kær.

„Ég hef mikinn skilning á þessu en hins vegar eru orlofsmálin aukaatriði þegar allt kemur til alls. Kjaramálin og allt sem þeim tengist eru að sjálfsögðu númer eitt, tvö og þrjú og svo má líka nefna rafræna þróun þjónustunnar sem dæmi um verkefni sem stéttarfélög þurfa að standa fyrir í dag. Lítið félag eins og okkar, sem ekki er með starfsmann né skrifstofu, hefur enga burði í slíkt. Þess vegna var þetta skref sem við urðum að taka. Því til viðbótar finnst mér sannarlega skipta máli að við erum að ganga inn í stórt landsbyggðarfélag. Við verðum að hugsa um hag landsbyggðarinnar, eigum efla hana og styrkja eins og okkur er frekast unnt. Það er ein hlið þessarar sameiningar,“ segir Björgúlfur.



Björgúlfur Halldórsson.



Trúnaðarmenn á námskeiði

Trúnaðarmenn Kjarar stéttarfélags hittust á námskeiði í menningarhúsinu Hofi á Akureyri nú í byrjun nóvember. Þetta var fyrsta trúnaðarmannanámskeiðið eftir sameiningu Kjarar og fjögurra annarra stéttarféлага og bættust því nokkrir nýir trúnaðarmenn í hópinn. Að vanda var víða komið við í fyrirlestrum og vinnuhópastarfi á námskeiðinu og sneri hópurinn því vel nestaður heim að námskeiði loknu.

Á þessu borði var það samdóma álit að trúnaðarmannanámskeiðið væri fróðlegt og gagnlegt. Frá vinstri: Halla Tómasdóttir, Skagafirði, Bogdís Una Hermannsdóttir, Skagafirði, Guðrún S. Pétursdóttir, Húnavatnssýslu, Kristinn R. Kristjánsson, Húnavatnssýslu og Anna K. Szafraniec, Skagafirði.



Lærum alltaf eitthvað nýtt

„Ég hef setið mörg trúnaðarmannanámskeið í gegnum árin og maður lærir alltaf eitthvað nýtt. Umhverfið er sífellt að þróast og eitt af því sem við fengum fræðslu um voru samfélagsmiðlar hvernig hægt er að nýta þá og hvað ber að varast,“ segir Sigurbjörg Björnsdóttir, trúnaðamaður Kjarar stéttarfélags á heilbrigðisstofnun HSN á Siglufirði.

Sigurbjörg segir vinnutímastyttinguna hafa gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig á hennar vinnustað.

„Við erum öll dagvinnufólk og fórum í fulla styttingu niður í 36 tíma. Það gátum við gert með tiltölulega litlum breytingum en vissulega skertri þjónustu,“ segir Sigurbjörg og bætir við að það sé skemmtilegt að hitta nýtt fólk á námskeiði sem þessu, fá fleiri viðhorf og taka þátt í umræðunni.“

Vinnuvíkustyttingin skilar miklu

„Ég fór strax í djúpu laugina í trúnaðarmannshlutverkinu, fékk vinnutímastyttinguna í fangið og þurfti að sökkva mér ofan í það mál. Þegar upp var staðið gekk vinnutímastyttingin mjög vel upp á mínum vinnustað og hjá okkur er komin full stytting. Mér finnst hún skila miklu,“ segir Valdimar Pálsson, trúnaðarmaður Kjarar stéttarfélags í Sundlaug Akureyrar.

Valdimar sat nú sitt fyrsta trúnaðarmannanámskeið og segist hafa lært mikið.

„Það var mjög gott að fá fyrirlestra um fjölbreytt efni, t.d. að átta sig betur á hvar hægt er að nálgast upplýsingar og fleira. Svona námskeið eru alveg nauðsynleg, trúnaðarmenn bera saman bækur sínar og geta þannig hjálpað hverjir öðrum, ekki síst í máli eins og vinnutímastyttingunni. Og svo er auðvitað mikilvægt að geta hist augliti til augliti og spjallað saman.“





Vinnutímastyttingin stærsta verkefnið

„Já, ætli ég flokkist ekki sem reynslubolti í trúnaðarmannshlutverkinu því ég hef verið í þessu í 12 ár. En maður hefur alltaf gott af því að koma á námskeiðin, læra eitthvað nýtt og rifja annað upp,“ segir Kristín Kristjánsdóttir, trúnaðarmaður Kjalar stéttarfélags í Grunnskóla Borgarfjarðar.

„Þó ég geti ekki sagt að það sé mikið að gera hjá trúnaðarmanni á svona vinnustað þá kemur vissulega fyrir að samstarfsfólk leitar til mín með sín mál. Ég hef ekki þurft að takast á við nein stór mál í þessu hlutverk en þó er vinnutímastyttingin vafalítið stærsta málið á okkar vinnustað um þessar mundir. Henni er ekki að fullu lokið og við erum enn að vinna í útfærslu. Þess vegna fannst mér mjög gott að hitta aðra trúnaðarmenn á námskeiðinu og heyra hvernig vinnutímabreytingarnar voru framkvæmdar á einstökum vinnustöðum. Það er mjög gagnlegt.“

Sveitarfélögin að hunsa vinnutímastyttinguna

„Hér á Dalbæ hefur það sem að starfsmönnum snýr gengið vel og stofnunin stóð sig til að mynda gríðarlega vel í vinnutímastyttingunni. Sú breyting gekk greiðlega fyrir sig þó flestir í okkar hópi séu í vaktavinnu,“ segir Gústaf Þórarinnsson, sem verið hefur trúnaðarmaður Kjalar á dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík um þriggja ára skeið.

Gústaf segir það hafa vakið athygli á fundi trúnaðarmanna Kjalar hve mikill munur sé á því hvernig vinnutímastyttingin hafi skilað sér hjá starfsmönnum ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna. Verulega halli á sveitarfélögin.

„Ég verð að segja að það kom mjög á óvart að sjá hvernig sveitarfélögin virðast ætla að hunsa þessa styttingu,“ segir Gústaf sem segist sjálfur hafa tekið fulla vinnutímastyttingu og er ánægður með þá breytingu.



Fyrsta námskeiðið í nýju félagi

Katrín Lilja Ólafsdóttir, trúnaðarmaður Kjalar stéttarfélags í Auðarskóla í Búðardal, sat sitt fyrsta trúnaðarmannanámskeið eftir að hennar gamla félag, Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu, sameinaðist í Kjöl. Kristín Lilja hefur verið trúnaðarmaður í um tuttugu ár, bæði á núverandi og fyrrverandi vinnustað. Hún sér tækifæri í því að geta tengst fólki innan félagsins sem er í sama starfi. Þannig læri fólk hvert af öðru. „Allt sem viðkemur fólki á vinnustöðum, kjörum og starfsaðstæðum er viðkvæmt og því koma reglulega upp álitæfni sem trúnaðarmaður þarf að koma að enda vill fólk hafa hlutina rétta. En það kemur líka fyrir að maður sér að eitthvað sem snýr að starfsmönnum er ekki rétt og bendir þá á að gera þurfi lagfæringar,“ segir Katrín Lilja sem segir það hafa verið mjög jávæða upplifun að sitja trúnaðarmannanámskeið Kjalar í fyrsta sinn.

Bregðast þarf við brotum á réttindum launafólks

Jóhannes Sigursveinsson er trúnaðarmaður Kjalar á búsetudeild Ísafjarðarbæjar þar sem hann hefur starfað um þriggja ára skeið. Hann segist hafa boðið sig fram í trúnaðarmannshlutverkið og brenni fyrir réttindamálum launafólks.

„Fólk þarf almennt að vera meðvitað um sín kjarasamningsbundnu réttindi og það á ekki aðeins við um yngsta hópinn. Hins vegar sviður mig mjög að sjá þegar vinnuveitendur eru að brjóta á réttindum ungs fólks sem kannski er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði,“ segir Jóhannes.

„Mín skoðun er sú að stéttarfélög þurfi að bregðast við réttindabrotum vinnuveitenda af fullri hörku og kæra þau ef með þarf. Stéttarvitund er því miður þverrandi en harðari viðbrögð við réttindabrotum eru að mínu mati ein leið til að efla hana,“ segir Jóhannes sem sat nú fyrsta trúnaðarmannanámskeið sitt sem félagsmaður Kjalar.



Við bjóðum nýja félagsmenn velkomna í hópinn

Hvað er Kjölur?

- Kjölur er stéttarfélag starfsmanna sveitarfélaga, ríkisstofnana og sjálfstætt starfandi stofnana.
- Kjölur er stéttarfélag um 2000 félagsmanna á landsbyggðinni og er annað stærsta aðildarfélag BSRB.
- Félagssvæði Kjalar nær frá Borgarfirði í vestri, vestur og norður um til Austurlands.
- Aðalskrifstofa Kjalar er á Akureyri og skrifstofur á Ísafirði og í Grundarfirði.
- Kjölur stéttarfélag stendur vörð um hagsmuni og réttindi félagsmanna sinna, annast gerð kjarasamninga, vinnur að starfsmenntamálum og úthlutar styrkjum vegna heilsuefingar, forvarna og fræðsluverkefna.
- Kjölur býður félagsmönnum sínum fjölbreytta orlofsvalkosti víða um land.

Skrifstofur Kjalar stéttarfélags og starfsfólk

Skipagata 14, Akureyri

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður

Margrét Árnadóttir, fulltrúi

Hafðís Erna Ásbjarnardóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri

Borgarbraut 1a, Grundarfirði

Helga Hafsteinsdóttir, fulltrúi

Aðalstræti 24, Ísafirði

Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir, fulltrúi



Aðalskrifstofa Kjalar er á 3. hæð í Skipagötu 14 á Akureyri

Skráðu upplýsingar á Mínar síður!

Mínar síður á heimasíðu Kjalar, www.kjolur.is, er besta leiðin til að hafa samskipti við félagið. Þar geta félagsmenn einnig skoðað réttindi sín, sótt um styrki, tengst orlofsvef Kjalar og tengst síðu Styrktarsjóðs BSRB.

Mikilvægt er að allir félagsmenn skrái netföng sín og farsímanúmer á Mínar síður og sjái til þess að skráning slíkra grunnupplýsinga sé rétt.



KJÖLUR

Stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu